

Allir eiga rétt

Kennsluefni um réttindi, skyldur, samstöðu og umburðarlyndi



Rjúfum vítahring fátæktar – miðar

FÁTÆKT

Áætlað er að 25 prósent barna í heiminum búi við fátækt.



© UNICEF/LeMoyne

MENNTUN

Börn sem eru oft veik geta misst mikið úr skóla og átt erfitt með námið.



© UNICEF/Chalasan

HUNGUR

Börn sem búa við fátækt fá oft ekki nóg af næringarríkum mat.



© UNICEF/Pirozzi

VINNUFÆRNI

Börn sem hafa átt í erfiðleikum í skóla, misst mikið úr eða hafa flosnað upp úr námi, gæti skort þá færni sem krafist er af þeim í starfi – t.d. að lesa, skrifa og reikna.



© UNICEF/DeCesare

VANNÆRING

Börn sem fá ekki nóg af mat geta með tímanum orðið vannærð og misst úr þroska.



© UNICEF/Horner

ATVINNULEYSI

Þegar börnin vaxa úr grasi fara þau að leita að vinnu. Ef þau hafa ekki tileinkað sér grundvallarþekkingu og færni í skóla gætu þau átt í erfiðleikum þegar kemur að því að finna starf við hæfi.



© UNICEF/Horner

HEILSA

Börn sem eru vannærð geta orðið oftar veik vegna þess að líkamar þeirra eru ekki nógu sterkir til þess að berjast gegn sýkingum.



© UNICEF/Pirozzi

EKKI NÆGAR TEKJUR

Fólk sem hefur enga eða of litla vinnu getur ekki unnið sér inn næga peninga til þess að eiga fyrir grunnþörfum sínum – fæði, klæði og húsnæði. Börn þessa fólks fæðast inn í aðstæður fátæktar.



© UNICEF/Kamber